

**Viðauki 3****Leyfileg frávik vegna upplýsinga um magn vínanda í drykkjarvörum.**

Alkóhólstyrk skal ætíð gefa upp sem % miðað við rúmmál. Leyfileg frávik, með fyrirvara um þau frávik sem greiningaraðferðin leiðir til, eru 0,3% miðað við rúmmál fyrir drykki aðra en þá sem eru taldir að neðan:

1. 0,5% fyrir bjór með alkóhólstyrk að hámarki 5,5% og drykki í flokki 22.07 B II samkvæmt alþjóðlegu tollskránni, gerðir úr þrúgum.
2. 1% fyrir bjór með meiri alkóhólstyrk en 5,5% og drykki í flokki 22.07 B I samkvæmt alþjóðlegu tollskránni, gerðir úr þrúgum og skyld vín úr öðrum ávöxtum en þrúgum, einnig drykkir úr gerjuðu hunangi (mjöður).
3. 1,5% fyrir drykkjarvörur sem innihalda maukaða ávexti eða jurtahluta (líkjörar, brennd vín o.þ.h.).

Nr. 589

29. desember 1993

**AUGLÝSING****um reglur um eðlilega nýtingu tekjustofna sveitarfélaga 1994.**

Með tilvísun til 5. mgr. 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 390/1991 með síðari breytingum og að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur félagsmálaráðherra ákveðið að eftirtalin nýting tekjustofna sveitafélaga á næsta ári teljist eðlileg nýting:

Útsvar 9,0% álagning

Fasteignaskattur:

- |    |  |                |
|----|--|----------------|
| 1. | Fasteignir samkv. lið a í 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga | 0,36% álagning |
| 2. | Fasteignir samkv. lið b í 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga | 1,0% álagning  |
| 3. | Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði                | 0,9% álagning  |

Skilyrði fyrir því að sveitarfélag fái tekjujöfnunarframlag 1994 verður að það hafi á árinu 1994 fullnýtt heimild til útsvarsálagningar þ.e. lagt 7,5% útsvar á tekjur ársins 1993.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1993.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*